

aðila. Hefur bæjarstjórn Hornafjarðar tekið afstöðu til athugasemda og látið gera smávægilegar breytingar með tilliti til þeirra.

Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hornafirði, 25. október 1999.*

**Hákon Valdimarsson** byggingarfulltrúi.

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar  
og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 371/1987,  
sbr. samþykktir nr. 140/1996 og 582/1996.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-hluta (i) 62. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. orðast svo:

*Tækninefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin hefur umsjón með verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins og vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumálum, eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.

b. Í stað orðanna „veitu- og umhverfisnefnd“ í upphafi 10. tölul. kemur: Umhverfisnefnd.

c. Eftirfarandi málslíður í 10. tölul. fellur brott: „Nefndin fer með vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumál.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 26. október 1999.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

**um umferð á Hólmavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hólmavík:

*Aðalbrautir:*

Hólmavíkurvegur.

Hafnarbraut.